

Leiðbeiningar um starfslok og gjafir til starfsfólks Húnaþings vestra

Leiðbeiningar þessar eru settar fram til að samræmis sé gætt í tilhögun starfsloka og gjafa til starfsfólks á stórvíðburðum, áföngum og áföllum í þeirra lífi.

Starfslok

- Yfirmaður viðkomandi skal ræða við hann um fyrirkomulag starfsloka og skipulagningu þeirra með hæfilegum fyrirvara. Forstöðumenn stofnana ákvarða almennt hvernig standa beri að því að kveðja starfsfólk sem lætur af störfum. Starfslok eru áfangi á ferli starfsfólks sem mikilvægt er að séu vel undirbúin og að starfsfólki sé sýnd virðing og umhyggja.
- Almennt skal starfsfólk sem lætur af störfum hjá sveitarfélaginu kvatt með virktum af forstöðumanni og samstarfsmönnum og því þökkuð störf í þágu sveitarfélagsins.
- Forstöðumenn skulu leitast við að gæta samræmis í því hvernig vinnustaðurinn stendur að því að kveðja starfsmenn sem láta af störfum. Sveitarfélagið gefur alla jafna ekki gjafir af því tilefni. Skal kostnaði stillt í hóf og taka mið af heimildum á fjárhagsáætlun hverju sinni.
- Forstöðumenn meta hvernig starfslokum er háttað m.t.t. þess hve lengi viðkomandi hefur starfað hjá sveitarfélaginu. Aðila sem hættir vegna annarra ástæðna en aldurs og hefur starfað hjá sveitarfélaginu í minna en eitt ár ætti t.d. ekki að kveðja með sama hætti og aðila sem lætur af störfum vegna aldurs eftir fjölda ára í starfi.

Jólagjafir

Jólagjöf er ákvörðuð af framkvæmdaráði í samræmi við fjárhagsáætlun hverju sinni. Eftirtaldir fá jólagjafir frá sveitarfélaginu:

- Allt starfsfólk sem ráðið er á mánaðarlaunum (fast starfshlutfall).
- Starfsfólk í fæðingarorlofi.
- Starfsfólk í veikindaleyfi (launuðu eða ólaunuðu).
- Þau sem hafa látið af störfum á almanaksárinu vegna aldurs og hafið töku lífeyris.
- Sveitarstjórnarfulltrúar.

Tímavinnustarfsfólk, starfsfólk í launalaus leyfi, nefndarmenn, þau sem látið hafa af störfum á árinu vegna annarra ástæðna en aldurs og eru ekki í starfi í desember fá ekki jólagjöf frá sveitarfélaginu.

Stórvíðburðir og áfangar

- Húnaþing vestra færir starfsfólki í öllum stofnunum sveitarfélagsins gjöf á stórafmælum, þ.e. 40, 50 og 60 ára. Slíkar gjafir eru háðar sömu skilyrðum og jólagjafir.

Andlát

- Falli aðili í föstu starfshlutfalli hjá Húnaþingi vestra frá færir sveitarstjóri og/eða forstöðumaður viðkomandi stofnunar, fjölskyldu viðkomandi samúðarkveðju.
- Forstöðumenn skulu leitast við að gæta samræmis í því hvernig viðkomandi stofnun bregst við andláti nákominna ættingja starfsfólks. Sveitarfélagið færir alla jafna ekki formlegar kveðjur við slíkar aðstæður. Skal kostnaði stillt í hóf og taka mið af heimildum á fjárhagsáætlun hverju sinni.

Samþykkt að vísa til samráðs meðal starfsmanna á 1189. fundi byggðarráðs sem fram fór þann 18. september 2023. Tvær umsagnir bárust innan tilskilins frests sem ekki þótti ástæða til að bregðast við.

Samþykkt í byggðarráði á 1198. fundi sem fram fór þann 4. desember 2023.

Samþykkt í sveitarstjórn á 375. fundi sem fram fór þann 14. desember 2023.

Skjal þetta hefur vísan í eftirtalin Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna:

